

L Ö G

28
27. júní

um

breyting á lögum nr. 38, 20. júní 1923, um verslun með smjörlíki og líkar
iðnaðarvörur, tilbúning þeirra m. m.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,
Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau
með samþykki Voru:

1. gr.

Aftan við 5. gr. laganna komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Atvinnumálaráðuneytið getur undanþegið ákvæðum þessarar greinar það
eða þau rjómabú, sem fengið hefir lán úr ríkissjóði til að koma upp smjör-
líkisgerð. — Þó getur sú undanþága aldrei staðið lengri tíma en þarf til þess
að endurgreiða slíkt lán.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Marselisborg, 27. júní 1925.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Magnús Guðmundsson.